

# Malbikunarstöðin Hlaðbær – Colas hf. Grænt bókhald 2020



## Efnisyfirlit

1. Yfirlýsing fyrirtækis .....	2
2. Áritun endurskoðanda.....	3
3. Um fyrirtækið .....	5
4. Starfsemi .....	6
5. Umhverfis og öryggisstefna MHC.....	7
6. Umhverfismarkmið MHC.....	8
4. Hráefna og auðlindanotkun.....	10



## 1. Yfirlýsing fyrirtækis

Stjórn Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæjar-Colas hf (MHC) staðfestir upplýsingar þær sem fram koma í grænu bókhaldi MHC

Vegna framleiðsluleyndar hefur félagið valið að birta upplýsingar um hræfnanotkun sem vísitölur sbr. heimild í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Hafnarfirði 31.08.2021

Fyrir hönd stjórnar Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæjar – Colas hf

  
\_\_\_\_\_  
Sigbór Sigurðsson  
Framkvæmdastjóri

## Staðfestingaskýrsla óháðs endurskoðanda

### Colas Ísland hf.

Staðfestingaskýrsla sem veitir takmarkaða vissu um að grænt bókhald vegna starfsemi Colas Íslands hf. sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins.

### Ályktun

Við höfum yfirfarið grænt bókhald Colas Íslands hf. byggt á þeim aðgerðum, sem framkvæmdar voru og þeim gögnum sem var aflað, er ekkert sem komið hefur fram sem bendir til þess að grænt bókhald Colas Íslands hf. sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins.

### Markmið og umfang vinnu

Markmið staðfestingavinnu okkar felur í sér skoðun á grænu bókhaldi Colas Íslands hf. í þeim tilgangi að gefa niðurstöðuskýrslu sem felur í sér takmarkaða vissu um að grænt bókhald Colas Íslands hf. sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins.

Við höfum yfirfarið grænt bókhald Colas Íslands hf. fyrir árið 2020 og borið það saman við fjárhagsbókhald félagsins.

### Grundvöllur ályktunar

Við höfum framkvæmt skoðun okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3410 sem á við um staðfestingavinnu á grænu bókhaldi. Markmið staðfestingavinnunnar er að veita takmarkaða vissu. Ábyrgð okkar samkvæmt staðlinum er lýst nánar í kaflanum “Ábyrgð endurskoðanda” í þessari skýrslu.

Við teljum að þær upplýsingar sem við höfum aflað séu fullnægjandi og viðeigandi sem grundvöllur ályktunar okkar.

### Óhæði og gæðastýring

Við erum óháð Colas Íslandi hf. í samræmi við viðeigandi íslensk lög og siðareglur endurskoðenda.

Við fylgjum alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun, ISQC 1 og í samræmi við það er alhliða kerfi gæðaeftirlits viðhaldið, þar með talið skjalfestar stefnur og verklagsreglur varðandi fylgni við siðferðisleg gildi, alþjóðlega staðla og aðrar viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

### Aðgerðir

Við höfum beitt faglegu mati og viðhaldið faglegri tortryggni í gegnum skoðunina í samræmi við ISAE 3410, siðareglur og óhæðisreglur.

Skoðanir okkar samanstóðu m.a. af eftirfarandi:

- i. Yfirferð á að tölur, sem eru settar fram í skýrslu um grænt bókhald, séu í samræmi við fjárhagsbókhald Colas Íslands hf. Undirgögn voru skoðuð og fyrirspurnir sendar stjórnendum ef um var að ræða verulegar breytingar á liðum milli ára.

- ii. Að bera kennsl á og meta áhættuna á verulegum rangfærslum á grænu bókhaldi Colas Íslands hf. fyrir árið 2020, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, að hanna og framkvæma staðfestingavinnu sem náði yfir skilgreinda áhættu og afla staðfestingargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja ályktun okkar á. Meiri hætta er á að verulegar skekkjur vegna sviksemi uppgötvist ekki fremur en skekkjur vegna mistaka. Ástæða þess er að sviksemin er hönnuð til þess að komast ekki upp, m.a. með ólögum samráði, folsunum, vísitandi gáleysi, rangfærslum eða sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti.
- iii. Að öðlast skilning á því innra eftirliti sem skiptir máli fyrir staðfestingavinnuna til að hanna aðgerðir sem eru viðeigandi miðað við aðstæður, en ekki í þeim tilgangi að láta í ljós álit á virkni innra eftirlits félagsins.

### Önnur atriði

Staðfestingavinna okkar felur ekki í sér vissu um aðrar upplýsingar í skýrslu Colas Íslands hf. um grænt bókhald fyrir árið 2020 en þær sem að ofan greinir. Ályktun nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

### Ábyrgð stjórnar

Stjórn Colas Íslands hf. ber ábyrgð á að framsetning græns bókhalds Colas Íslands hf. sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins, og einnig skilgreiningu fyrirhugaðra notenda og viðeigandi viðmiða sem liggja til grundvallar. Ennfremur ber stjórn ábyrgð á því að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar framsetningu á grænu bókhaldi Colas Íslands hf. þannig að grænt bókhald félagsins sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar snýr að því að skipuleggja og framkvæma staðfestingavinnu þannig að nægjanleg vísu fái um að grænt bókhald Colas Íslands hf. sé án verulegra annmarka til að byggja ályktun okkar á.

Ályktun okkar miðar að því að veita takmarkaða vísu. Aðgerðirnar sem framkvæmdar voru í þessu samhengi fólust fyrst og fremst í fyrirspurnum til stjórnenda og starfsmanna félagsins og mati á áreiðanleika upplýsinga sem liggja til grundvallar grænu bókhaldi Colas Íslands hf. Takmörkuð vísu veitir ekki eins mikla vísu líkt og fæst af staðfestingarverkefnum þar sem aflað er hæfilegrar vísu.

Skekkjur geta ýmist verið vegna mistaka eða sviksemi. Þær eru taldar verulegar ef þær eru, bæði að hluta og í heild, taldar hafa áhrif á ákvarðanatöku notanda skýrslunnar byggða á grænu bókhaldi Colas Íslands hf. Mikilvægismörk hafa áhrif á eðli, tímasetningu og umfang staðfestingavinnunnar og mat á áhrifum óleiðrétta mismuna á ályktun okkar.

Reykjavík 1. september 2021



Ólafur Gestsson  
Löggiltur endurskoðandi

### 3. Um fyrirtækið

**Heimilisfang, sími og netfang:**

Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. (MHC)

Gullhella 1

221 Hafnarfjörður

Sími: 565-2030

Símbréf: 565-2038

Netfang: sigthor@colas.is

Vefsíða: www.colas.is

**Stjórn fyrirtækisins:**

Hans Oluf Krog Forstjóri Colas A/S

Anne Wennevold Fjármálastjóri Colas A/S

Sigþór Sigurðsson Framkvæmdastjóri MHC

Framkvæmdastjóri: Sigþór Sigurðsson, vélaverkfræðingur



#### 4. Starfsemi

Malbikunarstöðin Hlaðbær - Colas var stofnuð í janúar 1987 og er í dag alfarið í eigu Colas Danmark A/S sem er í eigu Colas SA, Frakklandi. Colas samsteypan er stærsta malbiksverktakasamsteypan í heiminum og er með starfsemi í yfir 70 löndum í 5 heimsálfum. Malbikunarstöðin Hlaðbær - Colas leggur mikla áherslu á gæða, umhverfis og öryggismál og starfar eftir samþættu stjórnkerfi sem er vottað samkvæmt ISO 9001, ISO 14001 og OHSAS 18001. Að auki framleiðir fyrirtækið CE merkt malbik.

Frá árinu 2008 hefur Hlaðbær Colas haft sína aðalstarfsstöð að Gullhelli 1 í Hafnarfirði. Þar er stærsta malbikunarstöð fyrirtækisins, KVM, sem afkastar 240 tonnum á klukkustund. Árið 2016 bættist önnur stöð við, Marini. Marini er færanleg malbikunarstöð sem staðsett hefur verið á Keflavíkurflugvelli og þjónustar flugvöllinn og nágrenni. Marini stöðin getur framleitt allt að 200 tonn á klukkustund. Árið 2017 bætti fyrirtækið við sig þriðju malbikunarstöðinni, Amomatic SM120, en hún afkastar allt að 120 tonnum á klukkustund. Amomatic stöðin er færanleg malbikunarstöð og þjónustar landsbyggðina. Alls getur fyrirtækið því framleitt 560 tonn af malbiki á klukkustund. Allar eru malbikunarstöðvarnar með gild starfsleyfi, KVM er með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Færanlegu stöðvarnar tvær eru með starfsleyfi gefin út af Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Auk þess að framleiða malbik starfsrækir fyrirtækið bikstöð við Óseyrabraut og vélaverkstæði við Melabraut og leggur út malbik.

Umhverfismál eru mikilvæg fyrirtækinu, fyrirtækið vaktar og stýrir mikilvægum umhverfisþáttum og hvetur til aukinnar endurvinnslu á malbiki. Fyrirtækið tekur á mótí malbiksafgöngum til endurvinnslu að Gullhelli 1.

Starfsstöðvar	Gildistími starfsleyfis	Númer fyrirtækjaflokks (skv. fylgiskjali reglugerðar nr. 851/2002)	Útgefandi og eftirlitsaðili starfsleyfis
<b>Malbikunarstöðvar</b>			
KVM, Gullhelli 1	1. apríl 2020	6.11 „Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu“	Umhverfisstofnun
Marini, færanleg	1. desember 2019		<b>Útgefandi:</b> Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. <b>Eftirlitsaðili:</b> Umhverfisstofnun
Amomatic, færanleg	26. febrúar 2021		<b>Útgefandi:</b> Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. <b>Eftirlitsaðili:</b> Umhverfisstofnun
<b>Bikstöð</b>			
Óseyrabraut 16	31. desember 2030		Umhverfisstofnun
<b>Vélaverkstæði</b>			
Melabraut 15	23. september 2019		Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

## Umhverfisstefna

Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf starfar samkvæmt kröfum ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðalsins. Fyrirtækið starfar eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda og færir grænt bókhald. Stefna MHC er að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og leitast fyrirtækið við að lágmarka mengun og ónæði af starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið skuldbindur sig til að vinna að stöðugum umbótum á sviði umhverfismála.

MHC vill vera þekkt í samfélaginu sem góður vinnustaður með gott vinnuumhverfi. MHC ætlar að vera í fremstu röð í umhverfismálum og mun, þar sem við á, setja strangari reglur um eigin starfsemi en þær sem almennt gilda í samfélaginu.

Fyrirtækið veitir starfsmönnum fræðslu og þjálfun svo þeir geti sinnt störfum sínum á umhverfisvænan hátt. Hver aðgerð og hver starfsmaður á að stefna að því að umhverfið beri ekki skaða af starfsemi.

MHC gætir að umhverfismálum við alla þróun og framleiðslu. Fyrirtækið stefnir að aukinni endurvinnslu malbiks með því að kynna fyrir viðskiptavinum og öðrum hagsmunaaðilum þau jákvæðu umhverfisáhrif sem hljóttast af slíkri endurnýtingu.



## 5. Umhverfismarkmið 2020

Hlaðbær Colas er eitt þeirra fyrirtækja sem skrifað hefur undir loftslagsyfirlýsingu Festu samfélagsábyrgðar og Reykjavíkurborgar. Með undirskriftinni staðfesti MHC að fyrirtækið ætli að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka úrgang frá starfsemi sinni. Samhliða undirskriftinni setti fyrirtækið sér markmið varðandi losun gróðurhúsalofttegunda sem í dag eru umhverfismarkmið MHC.

### **Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda**

Draga skal úr losun CO<sub>2</sub> vegna framleiðslu malbiks um 5% árið 2020.

Draga skal úr losun CO<sub>2</sub> vegna aksturs um 2% árið 2020.

### **Að auka kolefnisjöfnun**

Gróðursetja skal a.m.k. 500 tré.

### **Að auka flokkun úrgangs**

Auka skal flokkun úrgangs sem fer til endurvinnslu um 5% á árið 2020.

Stefnt að því að árið 2020 fari 70% af úrgangi í endurvinnslu.

### **Að auka notkun á endurunnu malbiki við framleiðslu á nýju**

Stefnt er að því að nota 15.000 tonn af endurunnu malbiki í framleiðslu árið 2020.

## 6. Helstu umhverfispættir

Fyrirtækið hefur skilgreint helstu umhverfispætti tengda rekstrinum. Umhverfispættirnir eru vaktaðir og þeim stýrt ef þörf er á, allt í þeim tilgangi að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af rekstrinum og í tilfalli landgræðslu að auka jákvæð umhverfisáhrif.

Umhverfispættirnir eru:

- Steinefni
- Stungubik
- Íaukar
- Endurvinnsla malbiks og bikbindiefna
- Varasöm efni
- Rafmagn
- Eldsneytistankar
- Vatn
- Malbik
- Fastur úrgangur
- Spilliefni
- Útblástur frá malbikunarstöðvum
- Eldsneytisútblastur
- Hávaði
- Landgræðsla
- Færanlegar malbikunarstöðvar

## 7. Hráefna og auðlindanotkun

Hér á eftir er birt hráefna og auðlindanotkun MHC fyrir árið 2020. Tölulegar upplýsingar um framleiðslu byggja á grunnárinu 2003 nema annað sé tekið fram.

Umhverfisþættir Bik og malb.stöð		
Grunnár 2003 = 100		
	2020 *	
<b>Hráefni í malbik</b>		
Bik	128	
Steinefni	181	
Steinefni, bein sala	2464	
Íblöndunarefni	994	
<b>Hráefni í bikþeytur, þjálbik og þunnbik</b>		
Bik	231	
Lífolía	290	14
Terpentína	273	14
Steinolía	40	15
Íblöndunarefni	123	14
<b>Orka</b>		
Rafmagn malbikunar:	134	
Olía, framleiðsla	142	
Olía, vélar og tæki	162	11
Rafmagn bikbirgðastí	154	14
Olía, vélar og tæki	116	14
<b>Vatnsnotkun</b>	171	
<b>Úrgangur</b>		
Spilliolía	962	
Málmur	404	
Blandaður úrgangur	204	
Grófur úrgangur	536	
Lífrænt	246	17
Plast	61	17
Pappi og pappír	1442	10
Timbur og trjáafklippu	2230	
* Grunnár annað en 2003 ( 10 = 2010 osfrv )		